

Alþingi
Erindi nr. P 127/545
komudagur 18. 12. 2001

Kirkja Jesú Krists
hinna Síðari daga heilögu
Íslandsumdæmi

Reykjavík, 17. desember 2001

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK

Varðandi frumvarp til laga um kirkjuskipan ríkisins,
19. mál, aðskilnaður ríkis og kirkju

Um leið og við þökkum fyrir að fá að leggja fram umsögn varðandi frumvarp þetta leyfum við okkur að vísa til samþykktar Kirkju Jesú Krists h. S. d. h. sem gerð var nokkru eftir stofnun kirkjunnar, nánar tiltekið 17. ágúst 1835, en kirkjan var stofnuð 1830. Samþykkt þessi er enn í fullu gildi varðandi afstöðuna til þjóðmála og ekki sýst sambandið á milli borgaralegs valds og trúarlegs.

Í samþykktinni segir m. a.:

Vér álitum að átrúnaður sé innleiddur af Guði, og að mennirnir séu ábyrgir gagnvart honum, og honum einum, fyrir iðkun hans, nema ef trúarskoðanir þeirra hvetja þá til að ganga á rétt og frelsi annarra. En vér álitum ekki, að mannleg lög hafi rétt til afskipta með því að setja reglur um tilbeiðslu og binda þannig samvisku manna, né fyrirskipa nokkurt ákveðið form á almennri eða einstaklingsbundinni guðrækni. Að opinber yfirvöld skuli halda afbrotum niðri, en aldrei stjórna samvisku manna. Þau skulu refsast, en aldrei hefta frelsi sálarinnar. [K&S 134:4]

Vér álitum, að stjórnendur, ríki og stjórnvöld hafi rétt til, og þeim sé skylt, að setja lög, sem tryggja öllum þegnum vernd og fullt frelsi til trúariðkana. En vér álitum þau ekki hafa rétt til að svipta þegnana þessu frelsi eða afnema skoðanafrelsi þeirra, svo lengi sem lögnum er sýnd virðing og lotning og trúarskoðanir þeirra réttlæta ekki uppreisn eða samsæri. [K&S 134:7]

... Lög manna eru sett í þeim megintilgangi að gæta hagsmuna okkar sem einstaklinga og þjóða og manna á milli, og guðleg lögmál sett á himni setja reglur í andlegum efnum, um trú og tilbeiðslu, og skal skaparannum gjörð skil á hvorum tveggja. [K&S 134:6]

Vér álitum því, að ekki sé rétt að blanda saman trúaráhrifum og borgaralegri stjórn, þar sem einu trúfélaginu sé hyglað og annað rænt andlegum rétti sínum og einstaklingsréttur þegnanna sé virtur að vettugi. [K&S 134:9]

Varðandi vald trúfélaga yfir meðlimum sínum segir í ályktuninni:

Vér álitum, að öll trúfélög hafi rétt til að taka á ósæmilegri hegðun meðlima sinna, í samræmi við lög og reglur hvers félags, þó með því skilyrði, að slík afskipti varði aðeins aðild þeirra og góða stöðu. En vér álitum ekki, að nokkurt trúfélag hafi vald til að leiða menn til yfirheyrslu varðandi eignarrétt þeirra eða líf, eða til að taka frá þeim þessa heims gæði eða á nokkurn hátt ógna lífi þeirra eða limum eða beita þau nokkurri líkamlegri refsingu. Þau geta aðeins vikið þeim úr trúfélaginu og svipt þau aðild. [K&S 134:10]


Það er álit okkar að sú stefna sem fram kemur í þessari 166 ára gömlu samþykkt sé ekki aðeins í fullu gildi varðandi afstöðu okkar safnaðar, heldur sé hún í alla staði heillavænleg íslensku samfélagi og mætti gjarna vera þeim leiðarljós sem hafa það vandasama verk með höndum að setja þjóð vorri lög og reglur.


Fyrir rúnum 100 árum fluttust yfir 400 manns af landi brott til Utah af trúarlegum ástæðum fyrst og fremst. Þau nutu ekki trúfrelsis hér heima.


Með hliðsjón af framangreindu mælum við með samþykkt frumvarpsins um aðskilnað ríkis og kirkju og teljum að aðskilnaðurinn verði kristni og raunar öllu trúarlífi í landinu til heilla.

Við teljum eðlilegt að aðskilnaðurinn hafi nokkurn aðlögunartíma og virðist í frumvarpinu vel fyrir því séð.

Virðingarfyllst,


Umdænisforseti


Greinarforseti Reykjavíkurgreinar


Almannafulltrúi